



Krónan styrkist og er komin á sama stað og fyrir faraldur

Íslenska krónan hefur styrkst verulega síðan hún var hvað veikust undir lok árs 2020 og kostar evran núna það sama og fyrir faraldurinn. Við eigum von á hægfastra styrkingu næstu misseri og að verð á evru endi í 132 krónum í lok árs.

Íslenska krónan hefur styrkst verulega síðan hún var hvað veikust í lok árs 2020, en krónan veiktist mikið það ár þegar heimsfaraldurinn skall á. Þegar krónan var veikust kostaði evran 165 krónur. Evran hefur verið milli 135 og 140 krónur á síðustu vikum sem er það sama og var fyrir faraldur. Öll veikingin sem kom til í kjölfar faraldursins er því gengin til baka.

Halli á viðskiptum við útlönd á 1. ársfjórðungi


Seðlabankinn birti nýlega tölur um [viðskipti við útlönd á 1. ársfjórðungi](#). Alls var 50,3 ma.kr. halli, sem er mesti halli á einum fjórðungi síðan fyrir hrun. Þessi halli skýrist að miklu leyti af því að innlend eftirspurn, og þar með innflutningur, hefur tekið hraðar við sér eftir heimsfaraldurinn en komur erlendra ferðamanna, og þar með útflutningur. Auk þess hefur afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eigu, þá aðallega álfyrirtækjanna, batnað verulega vegna hækkandi hrávöruverðs, en hagnaður þeirra kemur til frádráttar á viðskiptajöfnuði. Samhliða fjölgun ferðamanna í sumar eigum við von á að hallinn á viðskiptum við útlönd breytist í afgang og að fyrir árið í heild muni verða afgangur af viðskiptum við útlönd.

Krónan styrktist þrátt fyrir þennan halla


Það kann að virðast skjóta skökku við að krónan styrktist á sama tíma og mesti halli á viðskiptum við útlönd frá því fyrir hrun mælist. Hluti ástæðunnar er að samsvarandi flæði á gjaldeyri fylgir ekki endilega viðskiptajöfnuði. Til að mynda fylgir ekkert gjaldeyrisflæði bættri afkoma innlendra fyrirtækja í erlendri eign, nema hugsanlega í framtíðinni þegar þessi hagnaður er innleystur. Hallinn á viðskiptajöfnuði sem

	8.6.2022	YTD	1M	3M	12M
GVT	182,2	-6,9%	-1,5%	-6,6%	-4,6%
EUR	136,3	-7,7%	-1,4%	-6,6%	-7,2%
USD	127,2	-2,4%	-2,8%	-5,0%	5,5%
GBP	160,1	-8,9%	-0,9%	-8,7%	-6,2%
DKK	18,3	-7,7%	-1,4%	-6,5%	-7,3%
NOK	13,5	-8,6%	-2,6%	-9,4%	-7,7%
SEK	13,0	-9,9%	-1,8%	-3,3%	-11,0%
CHF	132,6	-7,2%	-0,1%	-8,1%	-1,5%
JPY	0,992	-12,4%	-1,1%	-14,3%	-10,0%

Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond



Heimild: Macrobond



myndast sökum þessa hefur því engin áhrif á krónuna.

Einnig hefur verið veruleg aukning á stöðutöku með krónuna í gegnum framvirka samninga með gjaldeyri. Þessi stöðutaka kemur fram í gengi krónunnar þegar samningarnir eru gerðir en ekki þegar þeir eru gerðir upp í lok samningstímans. Skýrist það af því að þegar viðskiptavinur bankans gerir framvirkan samning um að selja bankanum evrur einhvern tíma í framtíðinni þá selur bankinn þær evrur um leið og samningurinn er gerður.


Seðlabankinn að mestu haldið að sér höndum

Seðlabankinn hefur að mestu haldið að sér höndum síðustu mánuði og lítið gripið inn í á gjaldeyrismarkaði. Í apríl seldi hann 18 ma.kr. til erlends fjárfestis vegna kaupa á ríkisbréfum. Þar fyrir utan hefur Seðlabankinn einungis komið inn til þess að koma í veg fyrir miklar sveiflur innan dags. Seðlabankinn virðist grípa inn þegar hreyfingar innan dags verða meiri en 1%.

Eigum enn von á að krónan styrkist

Frá því [við birtum þjóðhagsspá](#) okkar um miðjan maí hefur ekkert gerst sem breytir skoðun okkar varðandi gengi krónunnar. Við eigum enn von á hægfara styrkingu og að verð á evru verði 132 krónur í lok árs.


Staða framvirksamninga með gjaldeyri



Heimild: Macrobond




Það sem af er ári hefur krónan styrkst á móti gjaldmiðlum helstu viðskiptalanda okkar.




Heimild: Macrobond

Velta á gjaldeyrismarkaði var 24,5 ma.kr. (177 m.evra) í maí. Þar af var hlutur SÍ 830 m.kr. (6 m.evra).




Heimild: Macrobond

SÍ greip einu sinni inn í markaðinn í maí, keypti 6 m.evra á móti styrkingu krónunnar innan dags.




Heimild: Macrobond

Nettó kaup SÍ á gjaldeyri í maí námu 830 m.kr. (6 m.evra).




Heimild: Macrobond

Vergur gjaldeyrisforði var 860 ma.kr. (6,3 ma.evra) í lok maí.




Heimild: Macrobond

Flökt krónunnar gagnvart evrunni hefur dregist saman síðustu mánuði.




Heimild: Macrobond

102.800 erlendis gestir fóru um Leifsstöð í apríl.




Heimild: Macrobond

Greiðslukortajöfnuður var neikvæður um 6,8 ma.kr. í apríl.




Heimild: Macrobond

Hallinn á frumpáttatekjum var 15,8 ma.kr. Hallinn skýrist af bættri afkomu fyrirtækja í erlendri eigu (bein fjárfesting) sem kemur til frádráttar.




Heimild: Macrobond

Vaxtamunur við evru hefur aukist verulega frá því Seðlabankinn hóf að hækka vexti um mitt ár í fyrra.




Heimild: Macrobond

Raungengi miðað við verðlag var 4,3% hærra (krónan sterkari) í maí 2022 en í sama mánuði árið áður og nafngengið var 5,2% sterkara.



Heimild: Macrobond

Framlag hlutfallslegs verðlags til ársbreytingar á raungengi var 1,0% til lækkunar.



Heimild: Macrobond



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef